

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 • 3. hæð • 101 Reykjavík
Sími: 552 2720 • Fax: 552 2721 • e-mail: icehr@humanrights.is


Alþingi
Erindi nr. P 125/1310
komudagur 29.3.2000

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2000

Meðfylgjandi er umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, 328 mál.

Virðingarfyllst,


Bjarney Friðriksdóttir
framkvæmdastjóri

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 • 3. hæð • 101 Reykjavík

Sími: 552 2720 • Fax: 552 2721 • e-mail: icehr@humanrights.is

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, 328 mál.

Í 1. grein, 2. málsg. frumvarpsins segir "Útlendingur þarf að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur." Réttur útlendinga til að koma til landsins, sbr. 2. málsg. 66. gr. stjórnarskrárinnar, er þannig almennt háður því að honum sé veitt vegabréfsáritun. Engin skýr lögákveðin skilyrði eru í frumvarpinu fyrir veitingu slíkra vegabréfsáritana heldur er dómsmálaráðherra falið að setja reglur sem skulu gilda um veitingu þeirra. Þannig er stjórnvöldum og dómsmálaráðherra veitt geysimikið vald til þess að ákvarða skilyrði veitingu vegabréfsáritunar.

Skilyrði þetta að útlendingur þurfi að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins hefur það í för með sér í framkvæmd að hælisleitanda getur verið vísað frá á landamærum eða meinað að ferðast með flugvél eða skipi til landsins. Slíkt setur hælisleitendur í óviðunandi stöðu, að geta ekki leitað réttar síns til þess að sækja um hæli sem flóttamaður.

7. grein frumvarpsins, 2. málsgrein hljóðar svo "Nú er útlendingi, sem komið hefur til landsins með skipi eða loftfari, meinuð landganga skv. 10. gr. og skal þá eigandi farsins eða leigutaki, og á þeirra vegum stjórnandi þess eða umboðsmaður hér á landi, annaðhvort taka útlendinginn um borð á ný eða flytja hann úr landi á annan hátt eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi."

Með þessu ákvæði eru fyrirtæki er sjá um fólksflutninga gerð ábyrg fyrir vegabréfaeftirliti. Það má telja víst að starfsfólk flug- og skipafélaga skortir umboð og sérþekkingu á sviði vegabréfaeftirlits og að það getur ekki haft aðgang að þeim upplýsingum sem til þarf til að uppfylla öll skilyrði 10. greinar laga nr. 45/1965. Í